

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Fljótahrepps, Hofshrepps, Hólahrepps, Lýtingsstaðahrepps, Rípurhrepps, Sauðárkrókskaupstaðar, Seyluhrepps, Skarðshrepps, Skefilsstaðahrepps, Staðahrepps og Viðvíkurhrepps.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 20. apríl 1998 staðfest sameiningu Fljótahrepps, Hofshrepps, Hólahrepps, Lýtingsstaðahrepps, Rípurhrepps, Sauðárkrókskaupstaðar, Seyluhrepps, Skarðshrepps, Skefilsstaðahrepps, Staðahrepps og Viðvíkurhrepps í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum ellefu sveitarfélögum skulu falla til hins nýja sveitarfélags.

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 23. maí 1998, sbr. 1. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 20. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna.

Kjósa skal ellefu fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórnirnar ellefu tilnefna í sameiningu þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjördeildir verða í hverju sveitarfélagi og gegna núverandi kjörstjórnir, þ.e. þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga, hlutverki undirkjörstjórna við kosningarnar.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 6. júní 1998.

Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. apríl 1998.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um tiltekin efni sem stuðla að auknum gróðurhúsaáhrifum.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðarinnar er að takmarka notkun tiltekinna efna sem stuðla að auknum gróðurhúsaáhrifum.

2. gr.

Gildissvið og skilgreiningar.

Reglugerðin gildir um eftirtalin efni, hrein eða í blöndu með öðrum eignum, enda sé þyngdarhlutfall þeirra í blöndunni hærra en 1%: